

Leyfisskilmálar

Fyrir Auðkennisappið.

1 Inngangur

Leyfisskilmálar þessir gilda um notkun notanda á Auðkennisappinu í núverandi útgáfu og hverri þeirri útgáfu sem síðar kann að vera gefin út, hvort sem er með minniháttar eða meiriháttar breytingum og viðbótum. Leyfisskilmálar þessir gilda ekki um notkun, traust eða útgáfu skilríkja sem gerð eru aðgengileg í gegnum Appið. Breytingar á þessum leyfisskilmálum verða gerðar aðgengilegar skilríkjahöfum og öðrum notendum.

Með því að hlaða niður appinu, nota það eða nýta það með öðrum hætti, samþykkir notandi fortakslaust að vera bundin af leyfisskilmálum þessum við alla nýtingu þess. Synjun á samþykki leyfisskilmála þessara leiðir til afturköllunar á heimild hans til nýtingar appsins.

Auðkennisappið er alfarið eign Auðkennis og birgja þess, appinu getur verið breytt eða hætt dreifingu þess án þess að komi tilkynning um slíkt án þess að það skapi Auðkenni bótaskyldu.

2 Skilgreiningar

Auðkennisapp: app fyrir snjalltæki sem gerir aðgengi að rafrænum skilríkjum á snjalltækjum möguleg.

Snjalltæki: færanlegur búnaður (t.d. farsími eða spjaldtölva) sem keyrir á séraðlögðum stýrikerfum (t.d. Android eða iOS).

Notandi: sá sem hefur snjalltækið í sínum vörslum og ákveður að hlaða niður Auðkennisappinu eða nota appið eftir að því hefur verið hlaðið niður. Notandi getur verið annar en skilríkjahafi.

3 Leyfi

Notanda er veitt takmörkuð, afturkallanleg, almenn, óframseljanleg og einstaklingsbundin heimild til þess að hlaða niður, setja upp og nota Auðkennisappið í persónulegum tilgangi, að því gefnu að notandinn samþykki leyfisskilmála þessa. Leyfið gildir fyrir snjalltæki sem notandinn á eða hefur á sínu forræði.

4 Takmarkanir á leyfi

Notandinn staðfestir að hann mun ekki sjálfur eða leyfa öðrum að ráðstafa appinu eða nálgast það, með hvaða hætti sem er, eða að hagnýta sér það í viðskiptalegum tilgangi með öðrum hætti.

Notandinn má ekki afrita (nema að því marki sem sérstaklega er heimilað í leyfisskilmálum þessum), bakþýða, taka í sundur eða gera tilraun til þess að komast að kóða appsins, uppfærslna eða einstakra hluta þess.

5 Notkun á ábyrgð notanda

Notandi gerir sér skilmerkilega grein fyrir og samþykkir að notkun Auðkennisappsins er alfarið á hans ábyrgð og Auðkenni ber enga ábyrgð á gæðum þess, virkni, nákvæmni eða eiginleikum. Appið er boðið í því ástandi sem það er (as is”)

6 Takmörkun ábyrgðar

Auðkenni ber enga ábyrgð á tjóni sem notandi kann að verða fyrir við notkun appsins, hvorki beinu tjóni né óbeinu tjóni.

7 Hugverkaréttur

Notanda er kunnugt um að Auðkennisappið inniheldur hugverkaréttindi í eigu Auðkennis og birgja þess og staðfestir að hann mun ekki nota upplýsingar sem njóta slíkrar verndar með nokkrum hætti sem brýtur gegn leyfisskilmálum þessum.

8 Persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga

Notanda er ljóst að við notkun appsins verða til upplýsingar um notandann, þar á meðal notkunarhegðun, upplýsingar um búnað, stýrikerfi og tengd atriði. Auðkenni er heimilt að nota þessar upplýsingar í ópersónugreinanlegu formi í þeim tilgangi að bæta afurðina eða bjóða notandanum þjónustu eða aðra tækni.

Auðkenni mun við vinnslu framangreindra upplýsinga fylgja í hvítvetna lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna á vef Auðkennis.

9 Framsal

Framsal ábyrgðar notanda skv. leyfissamningum þessum er með öllu óheimilt. Auðkenni áskilur sér rétt til þess að framselja skyldur sínar skv. skilmálunum.

10 Gildistími

Leyfisskilmálar þessir eru birtir á vefsíðu Auðkennis og eru í gildi þar til þeir verða afturkallaðir eða þeim skipt út fyrir nýrri útgáfu. Skilmálarnir gilda fyrir hvern notanda frá því þeir hlaða í fyrsta sinni niður útgáfu af appinu eða frá þeim tíma sem hann byrjar fyrst að nota app sem þegar hefur verið hlaðið niður, hvort sem kemur fyrir, á hvaða snjalltæki sem er.

Auðkenni áskilur sér rétt til þess að afturkalla eða fella úr gildi leyfisskilmála þessa hvenær sem er og af hvaða ástæðu sem er án frekari upplýsingamiðlunar. Við slíka ákvörðun ber notanda að stöðva notkun appsins og fjarlægja allar útgáfur þess af snjalltækjum sínum.

Uppfærðar útgáfur af þessum leyfisskilmálum ná til allrar notkunar eða hagnýtingar appsins frá þeim tíma sem uppfærð útgáfa er birt.

11 Lögsaga og varnarþing

Íslensk lög skulu ráða gildi skilmála þessara og túlkun ákvæða þeirra.

Rísi ágreiningur milli notanda og Auðkennis vegna notkunar eða nýtingar appsins, skal hann rekinn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

12 Samskiptaupplýsingar

Auðkenni er til húsa að Katrínartún 4, 105 Reykjavík, er með vefsíðuna [audkenni.is](#), og hægt er að hafa samband við félagið með netfanginu fyrirspurnir@audkenni.is eða í síma +354 530 0000.